

Nafn námskeiðs: **Haiku**

Staðsetning: Útistofa í Heiðmörk

Tengt: Íslenska, Náttúrufræði

Nánari lýsing:

Haiku

Viðfangsefni: Kynning á japanska ljóðforminu Haiku.

Aldur: Unglingastig.

Árstími: Allir.

Tími: 2 kennslustundir.

Stutt lýsing: Nemendur sækja innblástur til náttúrunnar við haiku ljóðagerðar.

Kennslugögn: Skriffæri og blöð.

Framkvæmd:

Kveikja: Kennarinn kynnir nemendur fyrir japanska ljóðforminu haiku.

Hækur eða Haiku er japanskt ljóðform þar sem ljóðin fjalla oft um náttúruna og innihalda orð (kigo) sem vísa til árstíðar í ljóðinu (sbr. Flýgur suður=Haust, farfuglarnir fara suður á haustin).

5 atkv.	Horfandi á þig
7 atkv.	Flýgur ungur svanurinn
5 atkv.	Suður á bóginn

Ljóðin innihalda þrjár ljóðlínur og þurfa ekki að hafa rím. Hver ljóðlína hefur ákveðinn fjölda atkvæða. Fyrsta ljóðlínan hefur 5 atkvæði, önnur ljóðlínan 7 og sú þriðja 5 atkvæði. Ljóðin lýsa oft einhverjum atburðum sem við getum séð fyrir okkur, hlustað og upplifað með lestri ljóðsins. Í fyrstu tveimur ljóðlínunum er aðstæðum lýst en í þriðju ljóðlínu verður oft einhverskonar uppgötvun, sem skýrir aðstæðurnar.

Haikur eru lesnar hægt til að maður geti gert sér þær í hugarlund og upplifað

Á vettvangi: Nemendur dreifa sér um svæðið og sækjast eftir innblæstri. Þeir fá 30 mínútur til að semja ljóðin.

Úrvinnsla og ígrundun: Nemendur standa upp og lesa ljóðin fyrir bekkjarfélagi sína. Kennari metur nemendur jafnóðum. Tilvalið er að kveikja varðeld á eldstæðinu í útikennslustofunni og hafa framsögnina þar.

+ Góð venja er að skrá í *vísindabók* það sem gert er á vettvangi, þ.m.t. ljóðið. Þannig er hægt að taka gögn af vettvangi með inn að útikennslunni lokinni og nemendur geta unnið frekar úr þeim upplýsingum sem þeir öfluðu sér utandyra.